



Fundargerð 94. Fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum (HH)

2. maí 2023, kl. 15:00-16:30 (á Teams)

Fundinn sátu: Hólmfríður Sveinsdóttir (rektor), Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, séra Gísli Gunnarsson (varamaður Lilju S. Pálmadóttur) og Kári Árnason (varamaður Sigríðar Sigurðardóttur). Hólmfríður Sveinsdóttir ritaði fundargjörð.

Lilja S. Pálmadóttir, Róbert Smári Gunnarsson og Sveinn Margeirsson forfölluðust.

1. Lagt var til að taka útaf dagskrá tilnefningu tveggja fulltrúa sem tilnefndir eru af háskólaráði í nýtt háskólaráð og ósk um umboð frá fráfaraendi háskólaráði til nýs háskólaráðs um að fá að tilnefna aðila til setu í háskólaráði þar sem ekki er ætlast til skv. lögum að fráfaraendi háskólaráð tilnefni fólk í nýtt háskólaráð. Þessi tillaga var samþykkt og þar með uppfærð dagskrá.
2. Fundargerð nr. 93 var samþykkt.
3. Tilnefningar til setu í nýju háskólaráði. Háskólafundur sem haldinn var þann 25. apríl 2023 tilnefndi Guðrúnu Stefánsdóttur til áframhaldandi setu í Háskólaráði. Þar sem Sigríður Sigurðardóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu kaus háskólafundur Laufeyju Haraldsdóttur sem annan aðalmann í háskólaráð og Önnu Guðrúnu Edvardsdóttur og Kára Heiðar Árnason sem varamenn. Ráðuneyti háskóla-, iðnaðar og nýsköpunar tilnefndi skv. tölvupósti frá skrifstofustjóra ráðuneytisins þann 19. apríl að Lilja Sigurlína Pálmadóttir og Gísli Gunnarsson verða áfram tilnefnd af ráðuneytinu til setu í háskólaráði Háskólans á Hólum. Allar tilnefningarnar voru samþykktar.
4. Ógilding gjaldskrá Háskólans á Hólum sem birt var í Lögbirtingarblaðinu sumarið 2021 var borin upp til samþykktar. Lagt var til að samþykkja ekki ógildinguna og leita til lögfræðings Ráðuneyti háskóla-, iðnaðar og nýsköpunar hvort ráðlegt væri að samþykkja ógildinguna þar sem lögfræðingur ráðuneytisins hafði lagt ríka áherslu á að birta gjaldskrána sumarið 2021 í Lögbirtingarblaðinu. Rektor tók að sér að leita eftir álit lögfræðings ráðuneytisins.
5. Á fundi háskólaráðs þann 16. mars sl. kynnti rektor uppfærslu á reglum um framgang akademískra starfsmanna. Háskólaráð samþykkti framsett drög með þeirri breytingu að mannauðsráðgjafi *eða staðgengill hans taki á móti umsóknum*. Framkvæmdastjóri Háskólans á Hólum, yfirmaður mannauðsráðgjafa gerði athugasemd við að nota orðið mannauðsráðgjafi og lagði til að breyta þessu í mannauðssvið skólans. Háskólaráð samþykkir breytinguna að því gefnu að notað verði orðið svið mannauðs, gæða og rekstrar þar sem sérstakt mannauðssvið er ekki til í skipuriti skólans.

6. Önnur mál. Jón Eðvald Friðriksson gefur ekki kost á sér til setu í nýju háskólaráði sem og Sigríður Sigurðardóttir og Rakel Þorbjörnsdóttir (varamaður) Háskólaráð þakkar þeim báðum fyrir vel unnin störf í þágu skólans.